

Áætlun um lokanir á vegum vegna veðurs

28. og 29. nóv. 2018

Búast má við að eftirfarandi vegir lokist eða verði ófærir vegna veðurs miðvikudaginn 28. og fimmtudaginn 29. nóvember meðan veður sem spáð er gengur yfir. - Staðan verður endurmetin síðdegis.

Í Öræfum

Búast má við lokun frá um kl. 18:00 miðvikudag 28. nóv. til kl. 15:00 fimmtudag 29. nóv. Ráðgert að björgunarsveitir vakti hliðin frá kl. 18:00 til kl. 24:00 á miðvikudag og frá kl. 08:00 til opunar á fimmtudeginum.

Fagridalur

Reiknað með að Fagridalurinn verði opinn miðvikudag 28. nóv.

Fjarðarheiði

Búast má við lokun frá kl. 17:00 miðvikudag 28. nóv. og fram á fimmtudagskvöld 29. nóv.

Mývatns og Möðrudalsöræfi

Reiknað með að vegurinn verði opinn núna fram á kvöld en óvissa er um morgundaginn. Ef veðurspá gengur eftir verður leiðin mjög líklega ófær eftir að þjónustutíma lýkur kl. 19.30.

Öxnadalsheiði

Reiknað er með að vegurinn verði opinn í dag en búast má við að til lokunar komi á morgun og þá strax í fyrramálið.

Hófaskarð

Reiknað er með að opið verði í dag en má búast við að til lokana komi á morgun.

Hvolsvöllur – Vík – Kirkjubæjarklaustur

Reiknað er með lokað verði frá kl. 22:00 í kvöld til kl 11:00 á morgun.